

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs til íbúaráðs Kjalarness dags. 26. maí 2020 vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu á morgunn 27. maí 2020. Tillagan er í kynningu frá 27. maí 2020 til og með 8. júlí 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-nesvik>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarnes, Nesvík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. apríl 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. maí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðapjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **27. maí 2020 til og með 8. júlí 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. júlí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is